

1150. stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 30. ágúst 2016, kl. 12:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1149. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1149. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Launakjör og þróun

Ólafía Björk sagði tilefni þessa dagskrárliðar vera vegna óska tveggja stjórnarmanna um upplýsingar um launakjör formanns, framkvæmdastjóra og forstöðumanna hjá VR. Vegna þessa hefði launanefnd félagsins tekið saman minnisblað um laun formanns og framkvæmdastjóra VR árin 2007 – 2016 en framkvæmdastjóri tók saman minnisblað um launakjör forstöðumanna og ökutækjastyrki.

Bjarni Þór, meðlimur í launanefnd VR, tók þá við fundarstjórn og ræddi hann fyrst verklag launanefnar VR þar sem kom m.a. fram að launanefnd VR fundi árlega með formanni og framkvæmdastjóra félagsins þar sem farið er yfir launakjör þeirra. Við ákvörðun launa er svo horft til ýmissa þátta svo sem þróun launavísitölu VR og Hagstofu auk þróunar sem hefur orðið á launum samkvæmt launakönnun VR og því hver laun eru fyrir sambærileg störf.

Tók hann fram að framkvæmd hafi hingað til ekki verið að fullu í samræmi við skráð verklag þ.e. varðandi kynningu á niðurstöðum af launavíðtölum í stjórn og verður það gert héðan í frá.

Næst fór Bjarni Þór yfir framlögð skjöl er málið varðar.

Fundi var slitið kl. 13:00
Árni Leósson, fundarritari